

## FUNDARBOÐ

**388. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, 4. júní 2020 og hefst kl. 20:00**

### Dagskrá:

#### Lóðaumsóknir

**1. 2005040 - Lóðarumsókn - Nesvegur 12**

Lagðar fram umsóknir Hafþórs Inga Þorgrímssonar, Jóns Borgars Loftssonar, Bogga ehf., Þórleifar Hjartardóttur og Örnú Daggar Hjaltalín um lóðina að Nesvegi 12 í Stykkishólmi. Um er að ræða lóðnaðar- og athafnalóð, skipulagssvæðið er hluti af hafnarsvæðinu við Skipavík vestan við Nesveginn.

Á 613. fundi bæjarráð var samþykkt að vísa erindinu til næsta bæjarstjórnarfundar í samræmi við reglur Stykkishólmsbæjar um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

#### Fundargerðir nefnda

**2. 2005003F - Skipulags- og bygginganefnd - 240**

Lögð fram 240. fundargerð skipulags- og byggingarnefndar.

**3. 2005002F - Bæjarráð - 613**

Lögð fram 613. fundargerð bæjarráðs.

**4. 2005006F - Bæjarráð - 614**

Lögð fram 614. fundargerð bæjarráðs.

**5. 2005004F - Atvinnu- og nýsköpunarnefnd - 3**

Lögð fram 3. fundargerð atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

#### Erindi til kynningar

**6. 2006002 - Fundargerð aðalfundar Jeratúns ehf.**

Lögð fram fundargerð aðalfundar Jeratúns ehf. sem haldinn var 29. maí sl.

**7. 2006001 - Fundargerð stjórnar Jeratúns ehf.**

Lögð fram fundargerð 60. stjórnarfundar Jeratúns ehf. sem haldin var 29. maí sl.

**8. 1912013 - Fundargerðir 2020 - Samband íslenskra sveitarfélaga**

Lagðar eru fram fundargerðir 882., 883. og 884. funda stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðirnar hafa jafnframt verið birtar á vef sambandsins með þeim gögnum sem lögð voru fram á fundinum.

**9. 2005081 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra vegna greiningar á**

## **fjármálum sveitarfélaga í kjölfar COVID-19**

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra vegna greiningar á fjármálum sveitarfélaga í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins.

### **10. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**

Lögð fram fundargerð 178. fundar Breiðafjarðarnefndar.

### **11. 1906039 - Fundargerðir stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf.**

Lagðar fram fundargerðir stjórnar Sorpurðunar Vesturlands frá 26. febrúar, 17. apríl og 25 maí.

### **12. 2005054 - Bréf frá Eftirlitsnefnd vegna COVID-19**

Lagt fram bréf Eftirlitsnefndar til sveitarstjórna í kjölfar COVID-19.

### **13. 2002005 - Fundargerðir stjórnar FSS**

Lagðar fram til fundargerðir 106. og 107. funda stjórnar félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Fundirnir voru haldnir þriðjudaginn 19. maí 2020 og föstudaginn 29. maí 2020.

### **14. 2005080 - Fundarboð á aðalfund Sorpurðunar Vesturlands**

Lagt er fram fundarboð á aðalfund Sorpurðunar Vesturlands hf., ásamt ársreikningi 2019 og skýrslu um grænt bókhald.

## **Erindi til afgreiðslu/umsagnir**

### **15. 2004032 - Ársreikningur 2019 - Síðari umræða**

Lagður fram til síðari umræðu ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2019 ásamt lokaeyntaki endurskoðunarskýrslu.

### **16. 2005075 - Viðauki 2 við Fjárhagsáætlun 2020-2023**

Framlagður viðauki 2 við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2023. Á 614. fundi bæjarráðs samþykkti bæjarráð viðauka 2 og lagði til við bærastjórn að samþykkja viðauka 2 við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2020-2023.

### **17. 1906011 - Erindi frá Hesteigendafélagi Stykkishólms varðandi beiðni um breytingu á deiliskipulagi á svæði félagsins við Fákaborg**

Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi Fákaborgar dags. 17.03.2020 unnin af W7 slf fyrir Hesteigendafélag Stykkishólms. Megin tillögubreytingar felst í leyfi fyrir stækkun á þegar byggðri reiðskemmu og hesthúsum og tilfærslu á óbyggðum lóðum og byggingarreitum, til að auka rými fyrir miðjusvæði, bílastæðum og aðgengi að gerðum.

Deiliskipulagstillagan var í kynningu samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 1. apríl 14. maí 2020. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og byggingarnefnd vísaði, á 240. fundi sínum, deiliskipulagsbreytingunni til afgreiðslu í bærastjóns

### **18. 2005079 - Innkaupareglur Stykkishólmsbæjar**

Lögð fram drög að innkaupareglum Stykkishólmsbæjar.

Bæjarráð lagði til við bærastjórn, á 614. fundi sínum, að samþykkja fyrirbyggjandi innkaupareglur Stykkishólmsbæjar, með áorðnum breytingum.

**19. 2004039 - Breyting á reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði**

Lögð fram tillaga bæjarstjóra að breytingu á reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði þar sem lagt er til breyting á reglunum varðandi skilyrði reglnanna um að ef sótt er um lóð á óskipulögðu svæði sé lóðarumsókn hafnað þannig að heimilt sé að úthluta lóðum hafi lóðirnar verið samþykktar til úthlutunar af bæjarstjórn.

Bæjarráð samþykkti, á 614. fundi sínum, tillögu bæjarstjóra og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu áorðnum breytingum á reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

**20. 2005055 - Sóknarfæri í tengslum við störf án staðsetningar**

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd telur mikilvægt að bæjarstjórn Stykkishólms móti hið fyrsta tillögur til einstakra ráðherra um kosti þess að staðsetja störf ráðuneyta og opinberra stofnana í Stykkishólmi. Í Stykkishólmi er til staðar laust skrifstofurými, m.a. hjá opinberum stofnunum, sem henta vel og eru hagkvæm í rekstri. Nefndin hefur lýst sig reiðubúna að koma að mótun tillagna.

Bæjarráð lagði til, á 614. fundi sínum, við bæjarstjórn að fela bæjarstjóra og formanni atvinnu og nýsköpunarnefndar að vinna málið áfram í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar og móta tillögur um kosti þess að staðsetja störf í Stykkishólmi.

**21. 2001017 - Reglur um úthlutun búseturéttaríbúða í Stykkishólmi**

Lagt er fram minnisblað bæjarstjóra varðandi reglur um búseturétt. Samkvæmt núgildandi reglum færast þeir sem hafna þeirri íbúð sem þeim bjóðast aftast á þann lista. Má því ætla að fólk sem er næst í röðinni þurfi þess að gjalda ef ekki losnar íbúð sem þeim hentar og það þurfi því að afþakka og færast aftast í röðina. Því má velta fyrir sér hvort þessu fyrirkomulagi mætti haga betur með bættum og skýrari reglum.

Bæjarráð samþykkti tillögu bæjarstjóra og lagði til við bæjarstjórn að skipaður verði starfshópur með það hlutverk að endurmóta reglur um búseturéttaríbúðir í Stykkishólmi.

**22. 2005057 - Aðalfundarboð samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi**

Framlagt bréf frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem boðað er til aðalfundar samtakanna. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi, mánudaginn 15. júní nk.

Samkvæmt 6. gr. laga Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi er óskað eftir að sveitarfélög tilnefni aðal- og varamann til tveggja ára í senn.

**23. 2004033 - Kennsklukvóti Grunnskólans í Stykkishólmi fyrir skólaárið 2020-2021**

Lagt fram erindi frá Berglinni Axelsdóttir, skólastjóra Grunnskólans í Stykkishólmi, þar sem óskað er eftir kennsklukvóta fyrir skólaárið 2020-2021 ásamt tillögum að aðgerðum til aðhalds í rekstri. til aðhalds í rekstri.

Bæjarráð samþykkti, á 612. fundi sínum, að úthluta Grunnskólanum í Stykkishólmi samtals 410 kennslustundum (kennsklukvóta) og hvatii stjórnendur til að huga áfram að eðlilegum tilfærslum og ráðdeild í rekstri skólans. Þá kom einnig fram að tekin yrði

ákvörðun um hvort úthluta mætti kennslustundum í samræmi við fyrirbyggjandi beiðni í maí.

Liggur fyrir bæjarstjórn að staðfesta ákvörðun bæjarráðs um að úthluta Grunnskólanum í Stykkishólmi samtals 410 kennslustundum (kennslukvóta).

**24. 2006006 - Fasteignir Stykkishólms ehf.**

Bæjarstjóri óskar eftir staðfestingu bæjarstjórnar á umboði bæjarstjóra til þess að fara með atkvæði Stykkishólmsbæjar vegna hlutafjäreigna bæjarins í Fasteignum Stykkishólms ehf.

**25. 2006007 - Kosning í Hafnarstjórn**

Kosning nýs fulltrúa í Hafnarstjórn Stykkishólmsbæjar.

**26. 2005020 - Hrognkelsaveiðar á innanverðum Breiðafirði 2020**

Á 3. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar fagnaði nefndin frumkvæði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurskoðun á reglugerð um hrognkelsaveiðar sem heimilar að bátur sem fær leyfi til grásleppuveiða á innra svæði Breiðafjarðar geti landað að hámarki 15 tonnum af grásleppu á grásleppuvertíð 2020.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tók undir með bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar um að breyta þurfi fyrirkomulagi hrognkelsaveiða á Íslandi enda sé óboðleg sú staða sem blasir við sjómönnum og vinnslum í dag við Breiðafjörð. Nefndin hvetur ráðherra að hefja nú þegar vinnu við að útfæra fyrirkomulag grásleppuveiða með þeim hætti sem endurspegladist í vilja grásleppusjómannanna á fundi sjómanna með ráðherra þannig að sú staða sem kom upp í lok apríl sl. geti ekki komið upp aftur.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd taldi að núverandi lagaumhverfi sem gildir um stjórn grásleppuveiða skapi sjómönnum og vinnslum erfiðari rekstrarskilyrði, skekki samkeppnistöðu og grafi undan greininni til lengri tíma. Nauðsynlegt sé að skapa greininni stöðuleika og fyrirsjáanleika sem er grunnþáttur í öllum rekstri. Þá eru núverandi starfsskilyrði ekki til þess fallin að auka nýliðun í greininni. Undanfarin ár hefur verið innt af hendi undirbúningsvinna við breytingar á núverandi kerfi sem ekki hefur hlotið umfjöllun á Alþingi. Mikilvægt er að Alþingi taki til umfjöllunar fyrirbyggjandi frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og stefni að því bæta rekstrarumhverfi sjómanna og vinnslu með langtíma hagsmuni greinarinnar að leiðarljósi sem og samfélagsins í heild sinni.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd skoraði á Hafrannsóknastofnun, m.a. í ljósi framkominnar gagnrýni á reiknistuðul stofnunarinnar, að styrkja gagnagrunn sinn og fara yfir forsendur stofnsmats sem ráðgjöf stofnunarinnar til ráðherra um veiðar hrognkelsa byggir á.

Á 614. fundi bæjarráðs tók bæjarráð undir ályktun atvinnu- og nýsköpunarnefndar og vísaði henni til bæjarstjórnar.

**27. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra**

Minnispunktar bæjarstjóra lagðir fram til kynningar.

02.06.2020

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.